

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1893/94
frá 27. júlí 1994
um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er
framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og
markaðssetningu vínlíkjöra sem framleiddir eru innan bandalagsins(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. og 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 ⁽⁴⁾ og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88 ⁽⁵⁾, er ákveðið hámarks magn brennisteinsdíoxíðs í freyðivínum og vínlíkjörum. Í þessum greinum er kveðið á um að framkvæmdastjórnin leggi skýrslu fyrir ráðið fyrir 1. apríl 1994 um þetta efni með tillögum, ef við á. Þessar tillögur skulu vera í samræmi við aðrar tillögur sem gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin leggi fram í náinni framtíð. Af þeim sökum ætti að fresta ofangreindum eindaga. Hið sama gildir um eindagann 1. september 1994 sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 :

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júlí 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

Th. WAIGEL

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 197, 30. 7. 1994, bls. 45, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 1/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 83, 19. 3. 1994, bls. 54.

(2) Stjtið. EB nr. C 128, 9. 5. 1994.

(3) Stjtið. EB nr. C 148, 30. 5. 1994, bls. 49.

(4) Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1568/93 (Stjtið. nr. L 154, 25. 6. 1993, bls. 42).

(5) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1988, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1568/93.

1. í stað „1. apríl 1994“ og „1. september 1994“ í 3. mgr. 11. gr. komi „1. apríl 1995“ og „1. september 1995“, eftir því sem við á;
2. í stað „1. apríl 1994“ og 1. september 1994“ í 3. mgr. 16. gr. komi „1. apríl 1995“ og „1. september 1995“, eftir því sem við á;
3. í stað „1. september 1994“ í 3. mgr. 17. gr. komi „1. september 1995“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 4252/88 :

Í 2. mgr. 6. gr. komi „1. apríl 1995“ í stað „1. apríl 1994“ og „1. september 1995“ í stað „1. september 1994“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Hún skal gilda frá 1. september 1994.